



Framkvæmda- fréttir

3. tbl. /09



Ný brú á Ósá í Bolungarvík 5. febrúar. Brúin tengir ný jarðgöng við bæinn. Traðarhyrna í baksýn.



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri skrifar

Fjármagn til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu

Þegar rætt hefur verið um fjármagn til vegagerðar árið 2009 í síðustu tölublöðum Framkvæmdafrétta, eins og í fjölmiðlum almennt, er alla jafna fyrst og fremst fjallað um nýframkvæmdir, nýja vegi, brýr og jarðgöng.

En það er vert að minnast þess, ekki síst á tímum aðhalds og niðurskurðar í gerð nýrra mannvirkja, að það eru ótal önnur verk í vegagerð, unnin af mannshöndum og vélum, sem verða unnin á þessu ári eins og öll önnur ár, ýmist af eigin starfsfólki eða verktökum. Þau verk skapa ekki síður atvinnu meðal

landsmanna en þau sem yfirleitt njóta meiri athygli frá einum tíma til annars.

Í þeirri samgönguáætlun sem nú er unnið eftir eru 8.872 m.kr. ætlaðar í viðhald og þjónustu á þjóðvegakerfinu. Vegagerðin hefur lagt áherslu á að ekki megi skerða þessar fjárveitingar því mikilvægt sé að þeirri fjárfestingu sem nú liggur í vegakerfinu sé haldið við og að vegakerfið nýttist með eðlilegri þjónustu við vegfarendur. En þetta er talsverð upphæð og því skiljanlegt að spurt sé hvað liggir þar að baki. Hér reynt að skýra það í stuttu máli.

framhald á næstu blaðsíðu

Hjálpnið okkur að spara



Látið vita af áskriftum sem nýtast ekki, í síma 522 1068 eða með tölvupósti til: vai@vegagerdin.is



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 17. árg. nr. 516 23. feb. 2009

Ritsjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsíðu

Viðhald á vegakerfinu er umfangsmeira og flóknara en halda mætti við fyrstu sýn. Megintilgangurinn er að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol, vegbreiddir og umferðaröryggi. Viðhald þjóðvega tekur einnig til þeirrar þjónustu á vegakerfinu sem miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð og alls taka verkefni til 12.867 km langs þjóðvegakerfis. Eins og sjá má af eftirfarandi upptalningu er mikið af verkefnum sem krefjast umtalsverðrar handavinnu og eru mannaflsfræk.

Fjármagni er skipt niður á þessa liði: Viðhald bundinna slitlaga. Viðhald malarlitlaga. Styrkingar og endurbætur. Brýr og varnargarðar. Veggöng. Viðhald vegmerkinga. Samningar við sveitarfélög. Viðhaldssvæði. Vetrarviðhald. Umferðaröryggi. Vatnaskemmdir og ófyrirséð. Viðhald girðinga. Frágangur gamalla efnisnáma. Minjar og saga.

Stór hluti viðhaldsins felst í viðhaldi bundinna slitlaga, bæði með viðgerðum og yfirlögnum. Þegar kemur að viðhaldi malarvega er einnig litið til endurnýjunar, viðgerða á vegöxlum, heflun og rykbindingu. Því miður hefur oft verið erfitt að halda þessum vegum í skikkanlegu ástandi, ekki síst þar sem ferðamannaumferð er mikil á sumrin. Aukið afl fer nú í styrkingar og endurbætur á öllum þjóðvegum en fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efsta hluta burðarlagsins sem brotnar niður undan sífellt þyngri umferð. Endurbætur eru auk þess fólgnar í breikkun vega, lagfæringu á fláum, lengingu ræsa eða endurnýjun þeirra og lagfæringu vegamóta.

Sprautumassi 14595

Ríkiskaup, fyrir hönd Vegagerðarinnar hefur auglýst eftir tilboðum í sprautumassa til vegmerkinga. Tilboð verða opnuð 12.03.2009. Sjá: rikiskaup.is/utbod

Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga:	vika 6	vika 7	Heild
Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar:	greftri lokið		1.866 m
Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar:	40 m	29 m	4.554 m
Samtals var búið að sprengja 10.089 m eða 95,4% af heildarlengd og eftir eru því 481 m.			

Bolungarvíkurgöng

Gröftur Bolungarvíkurganga:	vika 6	vika 7	Heild
Frá Hnífsdal:	55 m	49 m	986 m
Frá Bolungarvík:	39 m	42 m	1.033 m
Samtals var búið að sprengja 2.019 m eða 39,2% af heildarlengd.			

Vefsíður


Á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, er að finna upplýsingar um þessar framkvæmdir í hliðarvalmynd undir „framkvæmdir“.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 16. feb. 2009. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.




Starfsmenn Vegagerðarinnar á Húsavík í slitlagaviðgerðum á Hringvegi (1) austan Ljósavatns.



Bolungarvíkurgöng 16. febrúar. Lengd frá Bolungarvík 1.033 m, frá Hnífsdal 986 m. Samtals 2.019 m eða 39,2% af heildarlengd.



Hætt var að sprengja frá Héðinsfirði í 1.866 m. Búið er að sprengja 4.554 m í Ólafsfirði. Samtals 10.089 m sem er 95,4 %.



Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur

07-039

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Álftanesvegur (415), milli Hafnarfjarðarvegur og Bessastaðavegur. Verkið felst í því að leggja nýjan 4 km langan veg frá Engidal að Bessastaðavegi. Gera skal mislæg gatnamót ásamt að- og fráreinum við Hraunsholt í Engidal, byggja tvenn göng fyrir gangandi umferð og gera hringtorg við Bessastaðaveg. Breyta skal legu strengja, vatns- og hitaveitulagna. Þá á að leggja nýja háspennu- og rafdreifistrengi, síma-, vatns-, og hitaveitulagnir. Einnig fylgir með í verkinu landmótun, sáning og yfirborðsjöfnun hrauns innan verksvæðisins.

Helstu magnþölur eru:

Skering.....	60.000 m ³
Fylling.....	76.000 m ³
Neðra burðarlag.....	30.000 m ³
Efra burðarlag.....	13.500 m ³
Malbik.....	59.000 m ²
Gangstígar.....	4.500 m ²
Mótafletir.....	2.700 m ²
Steypustyrktarstál.....	87.000 kg
Steinsteypa.....	1.120 m ³
Eftirspennt járnalögn.....	5.300 kg

Verkið skiptist í 3 verkáfanga með nokkrum millidagsetningum; 1. áfanga á að vera lokið þann 1. desember 2009, 2. áfanga þann 1. ágúst 2010 og 3. áfanga og þar með verkinu í heild 31. ágúst 2010.




Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með fimmtudeginum 26. febrúar 2009. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. apríl 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

0 100 200 300 400 500



		Grensáveg 1 - 108 Reykjavík Sími 422-3000 - Fax 422-3001 www.mannvit.is mannvit@mennvit.is						ÁLFTANESVEGUR HAFNARFJÖRDARVEGUR - BÉSSASTADAVEGUR YFIRLITSMYND		415-04	
		Verknr. 1.120.240		Telunnr.		Matkvörbi				101	
		Skra TEIKNINGAR-0100		Yfirfarib		A3: Yfirfarib				V1-	
Útg. Dags. Hönnuð Yfirfarib Samþykkt		Telunnr. 0101		Samþykkt		1:10000					

Vegakerfið 2009

Ný vegalög tóku gildi 1. janúar 2008 og leiddi það til töluverðra breytinga á vegaskrá sem Vegagerðin gefur út. Nú er vegum landsins skipt í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Þessa skiptingu má sjá á korti á næstu opnu blaðsins.

Helstu breytingar frá fyrri vegalögum, hvað vegaskrá varðar, eru eftirfarandi:

Stofnvegir eru flestir þeir sömu og áður, að viðbættum nokkrum vegum, sem voru í flokki tengivega. Niður falla nokkrir vegkaflar í þéttbýli og teljast þeir nú til gatnakerfis þeirra. Hins vegar bætast í flokk stofnvega fjórar hálendisleiðir, sem hafa nokkra sérstöðu og verða í sérhópi um sinn, svokallaðir stofnvegir um hálendi.

Tengivegir eru færri en áður. Auk þeirra sem færast í flokk



Hringvegur (1) í Suðursveit, stofnvegur.



Nesbraut (42) í Reykjavík (Hringbraut), stofnvegur.



Vestfjarðavegur (60) í Dynjandisvogi, stofnvegur.

stofnvega verða margir þeirra héraðsvegir. Einnig fylla nú þennan flokk vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem voru landsvegir.

Héraðsvegir hétu áður safnvegir, en auk þeirra fóru margir tengivegir í þennan flokk.

Landsvegir eru nú færri en áður. Þeir fá að jafnaði litla og árstíðabundna þjónustu og viðhald.

Vegaskráin er í tvenns konar formi, annars vegar er öllum vegum skipt í kafla og hins vegar er leiðum þeirra lýst. Sú leiðarlýsing fylgdi áður vegáætlun. Héraðsvegir eru þó ekki í þeirri skrá.

Skrána má sjá á vef Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra>

Samkvæmt lögnum færast tæpir 70 km af vegum frá Vegagerðinni til sveitarfélaga. Vegagerðin mun annast viðhald og þjónustu þessara vega um sinn.

Flokkun vegakerfinsins

Samkvæmt vegalögum (nr. 80/2007) er vegakerfi landsins skipt upp í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi, þar sem þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt og samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.

Kortið á næstu opnu sýnir hvernig þjóðvegakerfinu er skipt upp í flokka þ.e. stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Auk þess eru stofnvegir á hálendi merktir sérstaklega en þeir eru opnir fyrir umferð á sumrin.

Þjóðvegir

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega en í veghaldi felst forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum er skipað í flokka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Stofnvegir

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og



Kjalvegur (35), stofnvegur um hálendi.

enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

Stofnvegir um hálendi

Hluti stofnvegakerfisins liggur um hálendið en eðli málsins samkvæmt er þjónusta við þá minni en aðra stofnvegi og eru þeir lokaðir yfir veturinn.

Tengivegir

Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergotu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

Héraðsvegir

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Landsvegir

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.



Mjóafjarðarvegur (953), tengivegur.



Klofningsvegur (590), tengivegur.

Almennir stígar, sveitarfélagsvegir og einkavegir

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega og eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

Styrkir til samgönguleiða

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Heimilt er að binda styrkveitingu skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Í samgönguáætlun er einnig heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Þá er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.



Jökulhálsleið (570), landsvegur.



Vegur að sumarhúsum í Lóni, héraðsvegur.






Vegakerfið

staða í ársbyrjun 2009





Flokkun vegakerfisins 2009

	Stofnvegir	4.498 km
	Stofnvegir um hálendi	505 km
	Tengivegir	2.799 km
	Landsvegir	1.842 km
	Héraðsvegir	3.223 km
Samtals þjóðvegir		12.857 km
	Ferjuleiðir	264 km

Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður

Kynning framkvæmda

Í síðasta blaði, 2. febrúar, var auglýst eftir tilboðum í nýbyggingu Norðausturvegar (85) um Vesturárdal á milli Bunguflóa og Vopnafjarðar, nýbyggingu Hofsaárdalsvegar (920) á milli Vesturárdals og Hofsaárdals, endurbætur Skógavegar (914) frá Vesturárdalsvegi og um 200 m vestur fyrir tengingu við Torfastaðaveg (9120), auk nokkurra heimreiða.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu og liggur um lönd jarðanna Kálffells, Hauksstaða, Búastaða, Vakurstaða I og II, Ljósstaða I og II, Torfastaða, Norður-Skálanes, Teigs og Burstarfells.

Norðausturvegur verður um 30,4 km langur og liggur frá Bunguflóa, um Vesturárdal að þéttbýlinu á Vopnafirði. Hofsaárdalsvegur (920) liggur frá nýja Norðausturveginum í Vesturárdal yfir að Árhvammi í Hofsaárdal og verður hann 6,8 km langur. Endurbæta þarf 0,85 km af Skógavegi (914), frá Vesturárdalsvegi vestur fyrir tengingu við Torfastaðaveg. Nýjar tengingar verða um 1,6 km langar. Lengd útboðskafans er alls um 39,7 km.

Bygging Norðausturvegar til Vopnafjarðar var matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir þann 13. júlí 2007. Matsskýrsla, teikningar og önnur fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/> undir upplýsingar og útgáfa

Núverandi vegur

Núverandi vegur frá Hringvegi til Vopnafjarðar er um 53 km langur. Árið 2001 var lokið við að byggja 6 km langan nýjan Norðausturveg, frá Hringvegi að Hölná við Brunhvammsháls sem tengdur var núverandi vegi til bráðabirgða með 2 km löngum malarvegi. Vegurinn frá Hölná áleiðis til Vopnafjarðar er á um 29 km löngum kafla fremur mjór malarvegur með kröppum beygjum og blindhæðum. Hann liggur í um 450-500 m hæð út Fosshéiði (Vopnafjarðarheiði) út á Burstarfellsbrúnir, þar sem oft er mjög vindasamt og erfið vetrarfærð en einnig þokusælt árið um kring. Frá Burstarfellsbrúnum liggur núverandi vegur í miklum bratta og mörgum kröppum beygjum niður Burstarfellsbrekkur. Vegurinn á þessum kafla liggur





framhá einni bújörð, Burstafelli í Vopnafirði, sem tengist Norðausturvegi með um 2,6 km langri heimreið. Skammt utan við afleggjarann að Burstafelli tekur við um 18 km langur vegur með bundnu slitlagi sem nær til Vopnafjarðar

Endurbyggður vegur

Útboðskaflinn verður í beinu framhaldi af nýbyggingu Norðausturvegar (85) um Vopnafjörð, sem boðin var út í október 2007 (Norðausturvegur (85) – Brunnhvammsháls-Bunguflói) með áætluðum verklokum 15. júlí 2009.

Við upphaf útboðskaflans víkur veglínan frá núverandi Norðausturvegi í áttina til Vesturárdals, sem er á þeim slóðum grunnur og víðáttumikill. Um það bil 5 km neðan við upphaf útboðskaflans tekur dalurinn að þrengjast og dýpka og liggur veglínan víðast neðarlega í hlíðum austan árinna næstu 6 km, niður á mótis við Hauksstaði, fremsta bæ í byggð í dalnum. Frá Hauksstöðum liggur veglínan austan ár niður Vesturárdal, langvíðast nálægt núverandi Vesturárdalsvegi, um 19 km leið að núverandi Norðausturvegi við þéttbýlið á Tanga (Vopnafjörð).

Í vegstæðinu er land víða mishæðótt þar sem skiptast meðal annars á melar, mólendi, hólar, holt, mýrar og deiglendi. Alldjúpír farvegir og grófir liggja víða þvert um vegstæðið, flestir þurrir í venjulegu tíðarfari.

Frá st. 31.230 á Norðausturvegi liggur Hofsárdalsvegur um Hofsháls yfir Hofsárdal og verður brattur báðum megin á hálsinum. Vegurinn liggur fyrst um tún og síðan mýrardrög. Við st. 1.500 liggur vegurinn um jökulruðningsmela og frá st. 2.300 er hann á grónu landi, á víxl um mýrardrög og þurr-

lendi, uns hann kemur inn á núverandi veg við Teigará, við st. 5.100. Milli st. 5.400-6.000 er vegurinn að mestu utan núverandi vegstæðis en eftir það fylgir hann núverandi vegi til loka útboðskaflans.

Áætluð efnispörf í verkið er um 1.100.600 m³. Um 364.000 m³ verður tekið úr hönnuðum skeringum og um 736.600 m³ úr 22 námum á svæðinu.

Norðausturvegur verður gerður samkvæmt vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og bundnum öxlum. Hönnunarhraði verður 90 km/klst. Hofsárdalsvegur verður gerður samkvæmt vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur. Hönnunarhraði verður 60-70 km/klst.

Tilgangur framkvæmdar með nýjum vegi er að styrkja byggðarlög á Austurlandi með bættu vegasambandi milli Vopnafjarðar og Hringvegar. Markmiðið með gerð vegarins er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, draga úr slyshættu vegna veðurfars og tryggja greiðar samgöngur á svæðinu, ekki síst fyrir þungaflutninga.

Útboð framkvæmdarinnar var auglýst 2. febrúar. Tilboð verða opnuð þann 24. mars 2009. Vegna umfangs var verkið einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lagningu slitlags á Norðausturveg skal lokið fyrir 15. ágúst 2011 og verkinu öllu fyrir 15. nóvember 2012.

Þessi texti er tekinn nánast óbreyttur úr kynningarskýrslu.

Höfundur:

Sóley Jónasdóttir

Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri



Viktor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar

„Hver ekur eins og ljón með aðra hönd á stýri?“

Snemma í febrúarmánuði átti ég leið vestur á Snæfellsnes í björtu og fallegu veðri. Erindið var að skoða vegi og brýr og taka vetrarmyndir fyrir myndabanka Vegagerðarinnar. Á leið vestur Mýrar var snjóþekja á vegi og tilvalið að taka myndir sem sýna slíkar aðstæður. Það er skemmtilegra að hafa bíla með á svona myndum en þarna var sáralítill umferð. Ég dólaði því áfram og í hvert sinn sem ég mætti bíl fór ég út í kant, stöðvaði og tók mynd í gegnum framrúðuna. Á liðlega klukkustund mætti ég fimm stórum bílum og tók myndir af þeim öllum. Þegar ég skoðaði þessar myndir í tölvunni daginn eftir brá mér talsvert í brún. Þrjár bílstjórnanna voru greinilega að tala í síma við aksturinn og án handfrjáls búnaðar.

Eins og flestir vita er þarna verið að brjóta umferðarlög því í 47. gr. segir: „Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.“

Það sem gerir illt verra var að þarna voru aðstæður til aksturs með verra móti og því hefðu bílstjórnarnir þurft að nota báðar hendur á stýri og alla athyglina.

Ég vona að þessi óvænta og óvísindalega könnun sýni ekki það sem almennt er að gerast á þjóðvegum. Atvinnubílstjórar og aðrir geta ekki boðið samferðafólki sínu upp á að þeir séu ekki með allan hug og báðar hendur við aksturinn þegar mæst er á talsverðum hraða við slæmar aðstæður. Við eigum öll að aka eins og okkar nánustu séu í bílnum sem við erum að mæta. Bjössu á mjólkurbílum er ekki lengur í tísku.



Leiðrétting

Í 1. tölublaði þessa árs var birtur listi yfir saminga sem gerðir voru við verktaka árið 2008. Þar var Borgarverk ehf. skrifað fyrir þremur verkum á tveimur kennitölum. Það var haft samband við okkur frá fyrirtækinu og bent á að þetta væri ekki rétt. Samið var um öll þrjú verkin með sömu kennitölu 540674-0279.

Snæfellsnesvegur (54) austan Vegamóta.

Svona voru aðstæður þegar myndirnar hér að ofan voru teknar. Þótt veður hafi verið hjart þá er snjór á vegi alltaf varhugaverður.

Suðurlandsvegur, tvöföldun frá Vesturlandsvegi að Hólmsá

Drög að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin áformar að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum Vesturlandsvegar að Hólmsá ofan Reykjavíkur. Aðlaga þarf tengingar mismætra vegamóta við Bæjarháls og tengingar við hringtorg við Breiðholtsbraut. Tvöfalda þarf hringtorg við Norðlingavað og byggja veggöng og aðlaga tengingu við Heiðmörk. Byggð verða mismætra vegamót við Hafravatnsveg og aðlaga þarf lýsingu, reið-, hjóla og gönguleiðir að nýjum tvöföldum vegi.

Byggður verður 2 + 2 vegur og tengingum verður fækkað frá því sem nú er. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Vegurinn verður byggður í áföngum.

Vesturhluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis frá Vesturlandsvegi að Rauðavatni hefur þegar verið undirbúinn og verður akbraut lögð austan núverandi vegar. Við vegamót Breiðholtsbrautar er landrými takmarkað og einnig er þrengt að vegsvæði við Rauðavatnsskóg. Á þeim vegkafla verður byggður vegur með þröngu vegsniði. Suðurlandsvegur liggur síðan á bökkum Bugðu (Hólmsár) austan Norðlingaholts á svæði sem að stórum hluta hefur verið raskað með ýmsum

framkvæmdum. Lögð verður áhersla á að raska ekki ánni og árbakkanum og því verður vegurinn tvöfaldaður til suðurs eftir að vegurinn þverar Bugðu (Hólmsá) og aftur verður yfirfærsla og breikkun til norðurs þegar farið verður yfir ána í annað sinn.

Vegagerðin hefur falið Eflu hf. verkfræðistofu að annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Árni Bragason náttúrufræðingur er verkefnisstjóri við vinnslu mats á umhverfisáhrifum og Baldvin Einarsson yfirverkfræðingur verkstýrir frumhönnun vegarins.

Tengiliður við mat á umhverfisáhrifum er Magnús Ó. Einarsson verkfræðingur hjá Vegagerðinni.

Framkvæmdin er matskyld skv. tl. 10. ii. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun vegna Suðurlandsvegar er nú kynnt almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum um tveggja vikna skeið, frá 13. febrúar til 2. mars 2009, í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Drögin eru auglýst í fjölmiðlum og tillagan er aðgengileg á vefum Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is, á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á vef verkfræðistofunnar Eflu www.efla.is.



Nyrsti hluti Suðurlandsvegar (1) sem nú er í mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar.

Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjrekstri og almenningssamgöngum eru ekki á þessum lista.

Texti miðast við viku 7

	Samið:	Verklok:
--	--------	----------

08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010 <i>Vegmerking ehf.</i>	11.03.08	01.09.10
---	----------	----------

Suðursvæði	Samið:	Verklok:
------------	--------	----------

07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur <i>KNH ehf.</i> Unnið við að keyra efni úr námum á tveimur stöðum, búið að keyra fyllingum út í ca. 10 km frá Þorlákshöfn að sýslu-mörkum. Byrjað á efnisvinnslu..	19.09.08	15.09.11
--	----------	----------

08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i>	09.09.08	15.09.11
---	----------	----------

08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur <i>Heflun ehf.</i> Neðra burðarlag er grófjafnað. Framkvæmdir liggja niðri í vetur	11.07.08	15.09.08
--	----------	----------

08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325) <i>Mjólnir vörubílstjórafélag</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur	29.07.08	15.09.08
---	----------	----------

08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfliótsvatn <i>Sigurjón Hjartarson</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur	12.08.08	20.09.08
---	----------	----------

07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss <i>Borgarvirki ehf.</i> Búið er að leggja klæðingu á 3,6 km af 5,3 km. Meira verður ekki gert í klæðingu í vetur.	07.11.07	15.06.09
--	----------	----------

07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur <i>Klæðning ehf.</i> Unnið við að keyra fyllingum til vesturs og austurs frá tengivegi. Búið að keyra fyllingum í rúma. 4 km af Lyngdalsheiðarvegi, auk tengivegar.	04.07.08	15.10.10
---	----------	----------

08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit <i>VSÓ - ráðgjöf ehf.</i>	23.06.08	15.10.10
---	----------	----------

08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð <i>Suðurverk hf.</i> Bakkafjörurvegur; verið að vinna við grjótröðun meðfram vegi í stöð 7100-8000 og búið að ýta upp garði við stöð 8000 og hann tilbúinn til að grjótvörja. Byrjað á brú..	14.08.08	01.07.10
---	----------	----------

08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit <i>Strendingur ehf.</i>	02.09.08	01.09.10
---	----------	----------

08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 <i>Fossvélar ehf.</i>	13.06.08	31.12.08
--	----------	----------

08-035 Festun og yfirlögn á Suður-svæði og Suðvestursvæði 2008-2009 <i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða</i>	12.06.08	01.09.09
--	----------	----------

08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 <i>Hrafn Magnússon</i>	26.05.08	01.09.10
---	----------	----------

Suðvestursvæði	Samið:	Verklok:
----------------	--------	----------

08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) <i>Háfell ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur	14.08.08	01.07.09
--	----------	----------

08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit <i>Línuhönnun hf.</i>	23.06.08	10.07.09
--	----------	----------

08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg <i>Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.</i>	08.05.08	10.07.09
---	----------	----------

07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i>	11.02.08	10.07.09
--	----------	----------

07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg <i>Suðurverk hf.</i> Gatnamótin voru opnuð fyrir umferð 29. nóvember	25.01.08	10.07.09
---	----------	----------

08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð <i>Ístak hf.</i> Kaflinn var opnaður fyrir umferð 19. október	02.05.08	01.06.09
--	----------	----------

07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit <i>VSÓ ráðgjöf ehf.</i>	12.07.07	15.07.08
---	----------	----------

08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur, hönnun <i>Verkfræðistofan Hnit hf.</i>	04.07.08	22.12.08
--	----------	----------

08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatsvegur, hönnun <i>VSÓ ráðgjöf ehf.</i>	02.07.08	21.11.08
--	----------	----------

Norðvestursvæði	Samið:	Verklok:
-----------------	--------	----------

08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús <i>KNH ehf.</i>	23.07.08	15.09.09
--	----------	----------

06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll <i>Stafnafell ehf.</i> Eftir að yfirleggja klæðingu 5,6 km.	26.01.06	15.07.09
---	----------	----------

06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná <i>KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.</i>	25.01.07	01.11.08
--	----------	----------

06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur <i>Ingileifur Jónsson ehf.</i> Unnið hefur verið í fyllingum og einhverjum sprengingum að norðanverðu.	20.04.07	01.09.09
---	----------	----------

07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík <i>KNH ehf.</i> Verki nánast lokið. Smávægilegur frágangur og aukaverk eftir.	05.05.07	01.11.08
--	----------	----------

07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg <i>Fjörður ehf.</i> Framkvæmdir liggja niðri til vors 2009	02.09.08	15.07.09
--	----------	----------

07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur <i>KNH ehf.</i> Verklokum frestað fram á næsta sumar.	30.11.07	01.07.09
---	----------	----------

07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef <i>KNH ehf.</i>	08.06.07	01.10.09
---	----------	----------

Norðvestursvæði, framhald	Samið:	Verklok:
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn <i>Skagfirskir verktakar</i> Verki að mestu lokið nema eftir að klæða seinna lag á báða enda og verður það lagt næsta vor.	12.12.07	01.11.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland <i>Sigurjón Hjartarson.</i>	13.10.08	01.08.09
08-072 Örnólfssdalsá hengibrú, stálsmiði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i>	25.07.08	21.11.08
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalvegur <i>Borgarverk ehf.</i>	02.04.08	15.09.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit <i>Línuhönnun hf., Geotek</i>	08.04.08	15.07.10
07-062 Óshlíðargöng <i>Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors</i>	08.04.08	15.07.10
07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálgata <i>Skagfirskir verktakar</i>	03.06.08	15.07.09
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 <i>Borgarverk ehf.</i>	22.04.08	01.09.09
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá <i>Jóhann Á. Guðlaugsson ehf.</i> Verk að klárast.	18.06.08	01.10.08
Norðaustursvæði	Samið:	Verklok:
08-069 Norðausturvegur (85), Fremri-Háls - Sævarland <i>Héraðsverk ehf.</i>	13.06.08	15.07.09
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið <i>Héraðsverk ehf.</i>	16.07.07	01.11.09
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir <i>Árni Helgason, Ólafsfirði.</i>	25.07.08	01.07.09
05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit <i>Geotek ehf.</i>	28.04.86	10.12.09
05-035 Héðinsfjarðargöng <i>Háfell ehf. og Metrostav a.s.</i>	20.05.06	10.12.09
07-005 Hringvegur (1), Ámótasel - Skjöldólfsstaðir <i>Héraðsverk ehf.</i> Vinna liggur niðri fram á vor.	01.02.07	
07-088 Norðfjarðavegur (92), um Hólmaháls <i>Suðurverk hf.</i>	05.02.08	01.10.09
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói <i>Suðurverk hf.</i>	20.12.07	01.11.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss <i>Árni Helgason ehf.</i>	12.09.08	01.10.09
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka <i>Háfell ehf.</i>	20.08.08	15.10.09
08-004 Dagverðareyraryvegur (816) Hringvegur - Helluland <i>G. V. Gröfur ehf.</i>	26.05.08	01.08.08
08-002 Hörgárdalsvegur (815) Björg - Skriða <i>Árni Helgason ehf.</i>	09.06.08	01.09.08

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð

Auglýst:
dagur, mánuður, ár

Listi með fleiri verkum verður væntanlega birtur fljótlega

Auglýst útboð

Auglýst: **Opnað:**

08-034 Álfanesvegur (264), Hafnarfjarðavegur - Bessastaðavegur 23.02.09 07.04.09

08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður 02.02.09 24.03.09

08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður 02.02.09 24.02.09

Útboð á samningaborði

Auglýst: **Opnað:**

08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka 26.01.09 10.02.09

Samningum lokið

Opnað: **Samið:**

08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun 02.09.08 30.01.09
Efla ehf.



Vikor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar

Til áskrifenda

Á forsíðu blaðsins eru tilmæli til viðtakenda blaðsins um að þeir láti vita af áskriftum sem nýtast ekki. Þá er átt við þau eintök sem fara beint úr póstkassanum

í endurvinnsluna. Því er þessi auglýsing höfð stór og áberandi.

Við höfum einu sinni reynt að láta alla áskrifendur endurnýja áskrift sína en það gafst illa. Margir kvörtuðu og það er enn verið að endurnýja áskriftir sem dattu út í því ferli. En hver áskrift kostar okkur í prentun og í póstburðargjöldum og því óskum við eftir að fá að taka út áskriftir sem engum nýtast. Það skal þó tekið fram að við viljum gjarnan halda sambandi við áhuga-fólk um vegagerð þótt það lesi blaðið ekki spjaldana á milli í hvert skipti. Við lítum svo á að áskrifendalisti okkar sé dýrmæt eign sem nýtist okkur vel við að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Við minnum ykkur á að láta vita um breytingar á póstfangi og eins ef nöfn fyrirtækja breytast. Áskrifendalisting okkar er ekki tengdur við þjóðskrá og því verða engar breytingar nema tilkynnt sé um þær. Ef Pósturinn skilar okkur blaði til baka með bleikum miða þá er sú áskrift yfirlétt strax tekin út.

Við finnum reglulega fyrir því að blaðinu er tekið vel hjá viðskipavinum okkar og við viljum gjarnan halda þessu góða sambandi áfram.

Niðurstöður útboða

Rangárvallavegur (264), Hringvegur – Akurbrekka

08-034

Tilboð opnuð 10. febrúar 2009. Endurgerð á 7,4 km löngum kafla Rangárvallavegar (264), frá Hringvegi að Akurbrekku.

Helstu magntölur eru:

Skering.....	10.850 m ³
Fylling.....	15.510 m ³
Fláafleygar.....	5.900 m ³
Neðra burðarlag.....	27.030 m ³
Efra burðarlag.....	6.670 m ³
Ræsi.....	54 m
Tvöföld klæðing.....	49.040 m ²
Frágangur fláa.....	74.600 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
33 Klæðning ehf., Hafnarfirði	111.111.111	141,9	62.632
32 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	106.948.617	136,6	58.470
31 Arnartak ehf., Reykjavík	98.825.700	126,2	50.347
30 Glaumur verktakafélag, Garðabæ	95.058.000	121,4	46.579
29 Eining sf., Hvolsvelli	94.069.075	120,1	45.590
28 Uppúrtekt ehf., Hveragerði	93.250.000	119,1	44.771
27 Próttur ehf., Akranesi	79.435.000	101,4	30.956
26 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	79.277.120	101,2	30.798
25 Erlendur Guðmundsson, Hvolsvelli	78.400.080	100,1	29.921
--- Áætlaður verktakakostnaður	78.300.000	100,0	29.821
24 Borgarverk ehf., Borgarnesi	77.711.000	99,2	29.232
23 Ístak hf., Reykjavík	73.189.247	93,5	24.710
22 Íslenskir aðalverktakar, Reykjavík	72.437.400	92,5	23.958

nr. Bjóðandi framhald	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
21 Snilldarverk ehf., Helli	67.725.701	86,5	19.247
20 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	67.693.000	86,5	19.214
19 Reisir ehf., Kópavogi	67.247.900	85,9	18.769
18 Verktakar Magni ehf., Kópavogi	66.061.000	84,4	17.582
17 Háfell ehf., Reykjavík	64.985.525	83,0	16.506
16 Nettur ehf., Reykjavík	63.780.500	81,5	15.301
15 Vörubílstjóraráfélagið Mjöllnir, Selfossi	63.765.950	81,4	15.287
14 Neseey ehf., Gnúpverjahreppi	62.608.200	80,0	14.129
13 Framrás ehf., Vík	62.249.300	79,5	13.770
12 Heflun ehf., Helli	61.913.050	79,1	13.434
11 Smávélar og flutningar ehf. og Hvolsverk, Þorlákshöfn	61.758.525	78,9	13.279
10 Ísgröfur, Gísli P. Einarsson og Fögrusteinar ehf., Flúðum	59.775.933	76,3	11.297
9 Vélaleiga AP, Reykjavík	59.591.480	76,1	11.112
8 Vélgrafan ehf., Selfossi	56.880.075	72,6	8.401
7 Borgarvirki ehf., Kópavogi	54.976.975	70,2	6.498
5 Árni ehf., Flúðum	54.250.500	69,3	5.771
4 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	54.000.000	69,0	5.521
3 Bíladrangur ehf., Vík	49.904.415	63,7	1.425
2 Ýtan ehf. og Maríufell, Reykjavík	48.708.925	62,2	230
1 Þjótandi ehf., Helli	48.479.045	61,9	0

